



Yfirlit yfir fullnaðarafgreiðslur skipulagsfulltrúa:

15. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 10. febrúar 2025.	2
16. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 21. febrúar 2025.	3
17. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 11. mars 2025.	5
18. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 24. mars 2025.	7
19. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 31. mars 2025.	10
20. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 14. apríl 2025.	11
21. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 29. apríl 2025.	12
22. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 12. maí 2025.	13
23. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 26. maí 2025.	14



15. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 10. febrúar 2025.

24121293 - Álfhólsvegur 29. Kynning á byggingarleyfisumsókn.

Lagt fram að nýju að lokinni kynningu erindi byggingarfulltrúa dags. 13. desember 2024 þar sem byggingarleyfisumsókn Mardísar Möllu Andersen byggingarfræðings f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 29 við Álfhólsveg er vísað til skipulagsráðs. Sótt er um leyfi fyrir tveggja hæða fjölbýlishúsi með fjórum íbúðum á lóðinni alls 446,3 m² að flatarmáli. Gert er ráð fyrir fjórum bílastæðum á suðurhluta lóðarinnar ásamt hjólageymslu og sorpskýli. Á fundi skipulagsráðs þann 16. desember 2024 var samþykkt að grenndarkynna byggingarleyfisumsóknina. Kynningartíma lauk 30. janúar 2025, engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 3. gr. viðauka IV í samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024.



16. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 21. febrúar 2025.

24101407 - Naustavör 5A. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram að nýju að lokinni kynningu umsókn Veitna ohf. dags. 16. október 2024 um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 5A við Naustavör. Í breytingunni felst að lóðin sem er 4x4m og 16 m² er stækkuð, til norðurs og austurs, í 5x7m eða 35 m². Er það gert til þess að koma fyrir tveggja spennu einingastöð. Flatarmál dreifistöðvarinnar er 17,3 m². Á fundi skipulagsráðs þann 4. nóvember 2024 var samþykkt að grenndarkynna tillöguna. Kynningartími var frá 9. janúar til 10. febrúar 2025 og engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 3. mgr. 3 gr. viðauka IV í samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024.

25012490 - Bergsmári 11. Fyrirspurn.

Lögð fram að nýju fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 11 við Bergsmára dags. 28. janúar 2025 um niðurtekt kantsteins við gangstétt sunnan lóðarinnar. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 10. febrúar 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra.

Þá lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. febrúar 2025.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. febrúar 2025.

24111997 - Flesjakór 13. Fyrirspurn.

Lögð fram að nýju fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 13 við Flesjakór dags. 25. nóvember 2024 um fjölgun bílastæða á lóðinni úr þremur í fjögur. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 10. febrúar 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra.

Þá lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. febrúar 2025.

Jákvætt. Samræmist deiliskipulagi. Sækja þarf um byggingarleyfi.

24121545 - Langabrekka 15A. Kynning á byggingarleyfisumsókn.

Lagt fram erindi byggingarfulltrúa dags. 13. desember 2025 þar sem byggingarleyfisumsókn Vigfúsar Halldórssonar byggingafræðings f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 15A við Löngubrekku er vísað til skipulagsfulltrúa. Sótt er um að breyta 74,2 m² stakstæðum bílskúr á lóðinni í tvær aukaíbúðir.

Uppdrættir í mkv. 1:500 og 1:100 ásamt skráningartöflu dags. 3. desember 2025.

Þá lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2025.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2025.



25012221 - Álfhólsvegur 103. Fyrirspurn.

Lögð fram að nýju fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 103 við Álfhólsveg dags. 26. janúar 2025 um fjölgun bílastæða á lóðinni úr tveimur í fjögur. Á lóðinni eru tvö bílastæði en skv. mæliblaði dags. 17. mars 2016 er heimild fyrir þremur bílastæðum. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 10. febrúar 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra.

Þá lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2025.

Ekki er gerð athugasemd við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 18. febrúar 2025. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún. Greiða þarf fyrir grenndarkynningu skv. gjaldskrá.

2502315 - Múlalind 3. Kynning á byggingarleyfisumsókn.

Lagt fram að nýju erindi byggingarfulltrúa dags. 31. janúar 2025 þar sem byggingarleyfisumsókn vegna stækkunar á kvisti á norðurhlíð hússins á lóðinni er vísað til skipulagsfulltrúa. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 10. febrúar 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Uppdrættir í mkv. 1:100 og 1:500 dags. í janúar 2025 og janúar 2024.

Þá lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. febrúar 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. febrúar 2025 samþykkt. Sækja þarf um breytingu á deiliskipulagi.

2502674 - Fagrihjalli 9. Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn Hildar Ýrar Ottósdóttur arkitekts dags. 7. febrúar 2025 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 9 við Fagrahjalla um breytingu deiliskipulagi lóðarinnar vegna viðbyggingar á fyrstu hæð og stækkun svala á annarri hæð samtals 25,4 m². Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,36 í 0,40. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 10. febrúar 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra.

Uppdrættir í mkv. 1:100 dags. 7. febrúar 2025.

Þá lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. febrúar 2025.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 14. febrúar 2025 er ekki gerð athugasemd við að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið á eigin kostnað sem síðan verður grenndarkynnt. Greiða þarf fyrir grenndarkynningu skv. gjaldskrá.



17. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 11. mars 2025.

25022519-Fjallalind 78. Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 78 við Fjallalind dags. 26. febrúar 2025 um fjölgun bílastæða á lóðinni úr tveimur bílastæðum í þrjú. Skv. mæliblaði dags. 18. júní 1996 er heimild fyrir tveimur bílastæðum á lóðinni.

Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. mars 2025.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. mars 2025.

25021853-Fífuhvammur 31. Fyrirspurn.

Lögð fram að nýju fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 31 við Fífuhvamm um dags. 18. febrúar 2025 um 120 m² viðbyggingu og fjölgun íbúða á lóðinni úr tveimur í fjórar. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,33 í 0,63. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 21. febrúar 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra.

Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. mars 2025.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. mars 2025.

2412534-Urðarhvarf 8. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram að nýju að lokinni kynningu umsókn Björgvins Halldórssonar arkitekts dags. 9. desember 2024 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 8 við Urðarhvarf um breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst að nýrri innkeyrslu er komið fyrir á austurhluta á neðra bílaplani á suðurhluta lóðarinnar, núverandi inn- og útkeyrslurampur verður aðeins fyrir útkeyrslu og hluta akstursleiða á lóðinni frá neðra bílaplani í vesturátt að efra bílaplani er gerð að einstefnu. Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 20. janúar 2025 var samþykkt að grenndarkynna tillöguna. Kynningartíma lauk 7. mars 2025, engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan 3.tl. 3. gr. í viðauka IV. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024.



25013039-Kópavogsbraut 67. Fyrirspurn.

Lögð fram að nýju fyrirspurn Finns Inga Hermannssonar dags. 31. janúar 2025 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 67 við Kópavogsbraut um stækkun byggingarreits til suðurs við lóðarmörk. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 10. febrúar 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 21. febrúar 2025 var erindið lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2025, afgreiðslu var frestað.

Einnig er lögð fram uppfærð umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. mars 2025.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. mars 2025.



18. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 24. mars 2025

25012523 - Kópavogsbraut 20. Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn Gestis Ólafssonar dags. 28. janúar 2024 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 20 við Kópavogsbraut um tvær viðbyggingar á lóðinni, samtals 230,4 m². Fyrirhugað er að byggt verði við núverandi bílageymslu á norðausturhluta lóðarinnar geymsla og tómstundahús. Einni er ráðgert að byggt verði gróðurhús við vesturhlið núverandi einbýlishúss á lóðinni. Byggingarmagn eykst úr 295 m² í 535 m² og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,19 í 0,33.

Uppdrættir dags. 23. janúar 2025, uppfærðir 21. mars 2025.

Þá lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2025.

Jákvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2025. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún.

25011777 - Grenigrund 8. Kynning á byggingarleyfisumsókn.

Lagt fram að nýju að lokinni kynningu erindi byggingarfulltrúa dags. 17. janúar 2025 þar sem byggingarleyfisumsókn Kristins Ragnarssonar arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 8 við Grenigrund er vísað til skipulagsráðs. Sótt er um 8,3 m² stækkun íbúðar á jarðhæð. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 10. febrúar 2025 var samþykkt að grenndarkynna byggingarleyfisumsóknina. Byggingarleyfisumsóknin var grenndarkynnt frá 19. febrúar til 20. mars 2025, engar athugasemdir bárust.

Uppdrættir í mkv. 1:100 dags. 27. janúar 2025.

Samþykkt með vísan 3.tl. 3. gr. í viðauka IV. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024. Vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

24101961 - Austurkór 96. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram að nýju að lokinni kynningu umsókn Kristins Ragnarssonar arkitekts dags. 22. október 2024 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 96 við Austurkór um breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits um 2 metra til vesturs á hluta sérafnotafleta íbúða á jarðhæð, íbúðir 101 og 102, ásamt heimild fyrir tveimur sólskálum. Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 20. janúar 2025 var samþykkt að grenndarkynna tillöguna. Tillagan var grenndarkynnt frá 13. febrúar og til og með 19. mars 2025. Engar athugasemdir bárust.

Uppdrættir í mkv. 1:2000, 1:500 og 1:200. dags. 17. janúar 2025.

Samþykkt með vísan 3.tl. 3. gr. í viðauka IV. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024.



25012316 - Bakkabraut 14. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram að nýju að lokinni kynningu umsókn Lárusar Kristins Ragnarssonar arkitekts dags. 27. janúar 2025 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 14 við Bakkabraut um breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst að settar verði þrennar svalir á 2. hæð norðurhlið hússins. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 10. febrúar 2025 var samþykkt að grenndarkynna tillöguna. Tillagan var grenndarkynnt frá 19. febrúar til 20. mars 2025, engar athugasemdir bárust.

Uppdrættir í mkv. 1:1000 og 1:250 dags. 22. maí 2022.

Samþykkt með vísan 3.tl. 3. gr. í viðauka IV. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024.

24111023 - Urðarhvarf 10. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram að nýju umsókn Brynjars Darra Baldurssonar arkitekts dags 14. nóvember 2024 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 10 við Urðarhvarf um breytingu á deiliskipulagi.

Í breytingunni felst hækkan byggingarreits úr 5 hæðum í 6 og aukningu byggingarmagns úr 5.900 m² í 6.600 m². Nýtingarhlutfall ofanjarðar eykst úr 0,63 í 0,74. Gert er ráð fyrir að efsta hæð verði inndregin. Tillagan var auglýst frá 2. janúar til 13. febrúar 2025, eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Veitur ohf. Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 17. febrúar 2025 var erindið lagt fram að nýju að lokinni auglýsingu og var því vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Uppdrættir í mkv. 1:2000, 1:1000 1:750 dags. 2. desember 2024, uppfærður 21. mars 2025.

Þá lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2025.

Samþykkt með vísan 1. tl. 3. gr. í viðauka IV. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024.

25011006-Hagasmári 1. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram að nýju að lokinni kynningu umsókn Helga Más Halldórssonar arkitekts dags. 13. janúar 2025 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 1 við Hagasmára um breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst aukning byggingarmagns í 64.000 m² og stækkun byggingarreits um 3,3 m² til suð-austurs. Í gildi er deiliskipulag samþykkt í bæjarstjórn 14. febrúar 2006. Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 20. janúar 2025 var samþykkt að grenndarkynna tillöguna. Tillagan var grenndarkynnt frá 13. febrúar til 19. mars 2025, engar athugasemdir bárust.

Uppdrættir í mkv. 1:2000 dags. 4. febrúar 2025

Samþykkt með vísan 3. tl. 3. gr. í viðauka IV. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024.



25012419-Skógarlind 2 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2025 sbr. umsagnarbeðni byggingarfulltrúa dags. 28. janúar 2025, varðandi byggingarleyfi fyrir LED ljósaskilti við Skógarlind 2. Fyrirhugað skilti er um 6,3 m² að flatarmáli og lýsir til tveggja átta.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2025. Ekki eru gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað.

24042129-Hagasmári 1 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2025 sbr. umsagnarbeðni byggingarfulltrúa dags. 3. september 2024, varðandi byggingarleyfi fyrir LED ljósaskiltum á Hagasmára 1 (Smáralind). Sótt er um að skipta tveimur skiltum út fyrir LED ljósaskilti. Skiltin eru u.þ.b. 3,6 m á breidd og um 6,2 m á hæð. 1,8 m eru á milli skiltanna. Flatarmál hvors skiltis er um 23 m², samtals um 45 m².

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2025. Ekki eru gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað.

2409695-Breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Íbúðaruppbygging í grónum hverfum. Verkefnislýsing. Umsagnarbeiðni.

Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2025 sbr. umsagnarbeiðni frá Reykjavíkurborg dags. 13. mars 2025 um tillögu á vinnslustigi að breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 vegna íbúðaruppbyggingar í grónum hverfum.

Ekki eru gerðar athugasemdir.



19. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 31. mars 2025.

Engar fullnaðarafgreiðslur



20. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 14. apríl 2025.

25021670 - Nýbýlavegur 64. Kynning á byggingarleyfisumsókn.

Lagt fram að nýju að lokinni kynningu erindi byggingarfulltrúa dags. 14. febrúar 2025 þar sem byggingarleyfisumsókn Freys Frostasonar arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 64 við Nýbýlaveg er vísað til skipulagsfulltrúa. Sótt er um að breyta innra fyrirkomulagi íbúðar á þriðju hæð og skipta henni upp í tvær minni íbúðir ásamt því að bæta við svölum á suðurhlíð hússins. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 11. mars 2025 var samþykkt að grenndarkynna tillöguna. Tillagan var grenndarkynnt frá 7. mars og til og með 10. apríl 2025 og engar athugasemdir bárust.

Uppdrættir í mkv. 1:100 dags. 3. desember 2024.

Samþykkt með vísan 3.tl. 3. gr. í viðauka IV. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024. Vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

2503164 - Lækjarbotnaland 23. Kynning á byggingarleyfisumsókn.

Lagt fram erindi byggingarfulltrúa dags. 28. febrúar 2025 þar sem byggingarleyfisumsókn Kristjáns Ásgeirssonar arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 23 við Lækjarbotnaland er vísað til skipulagsfulltrúa. Lagðar eru fram reyndarteikningar af þeim mannvirkjum sem eru nú þegar til staðar. Um er að ræða 49.6m² frístundahús, kalda 15.4m² áhaldageymslu og hýsi yfir dælubúnað vatns sem fært verður inn á lóð. Uppdrættir í mkv. 1:1000, 1:200 og 1:100 dags. 19. febrúar 2025.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. apríl 2025.



21. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 29. apríl 2025.

24082506-Stakar byggingar á opnum svæðum í Hólmsheiði og austanverðum Úlfarsárdal. Umsagnarbeiðni.

Lögð fram að nýju umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar dags. 10. apríl 2025 um breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 varðandi stakar byggingar á opnum svæðum í Hólmsheiði og austanverðum Úlfarsárdal. Tillagan felur í sér að skert verður á núverandi heimildum og réttindum lóðarhafa og húseigenda varðandi uppbyggingu og enduruppbyggingu stakra húsa á opnum svæðum í Hólmsheiði (OP15) og í innanverðum Úlfarsárdal (OP28). Tillaga dags. 1. febrúar 2025 og viðaukar með tillögu. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 14. apríl 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra aðalskipulags.

Þá lögð fram umsögn verkefnastjóra aðalskipulags dags. 15. apríl 2025.

Umsögn verkefnastjóra aðalskipulags dags. 15. apríl 2025, samþykkt.

2504623-Stígakerfi - Breyting á 4. kafla í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030.

Lögð fram að nýju umsagnarbeiðni Garðabæjar dags. 3. apríl 2025 um tillögu að breytingu á ákvæðum 4. kafla í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem ná til stígakerfa. Viðfangsefni breytingartillögunnar er heildarendurskoðun á stígakerfi Garðabæjar og er áætluninni ætlað að vera til leiðbeiningar fyrir deiliskipulagsgerð, verkhönnun og uppbyggingu stíga í Garðabæ til framtíðar. Endurskoðun á kafla 4.2, vinnslutillaga dags. 13. mars 2025 og kynning vinnslutillögu á íbúafundi 2. apríl 2025. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 14. apríl 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra aðalskipulags.

Þá lögð fram umsögn verkefnastjóra aðalskipulags dags. 28. apríl 2025.

Umsögn verkefnastjóra aðalskipulags dags. 28. apríl 2025, samþykkt.

24102559-Háholt Hnoðrahólts. Breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Tillaga á vinnslustigi. Umsagnarbeiðni.

Lögð fram að nýju umsagnarbeiðni Garðabæjar dags. 9. apríl 2025 um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 fyrir Háholt Hnoðrahólts. Tillagan er á vinnslustigi og í henni felst að tákni fyrir svæði fyrir samfélagsþjónustu (4.05 S leikskóli) á Háholti Hnoðrahólts verði felld út. Iðnaðarsvæði (4.22 I, hitaveitutankar) á Háholti Hnoðrahólts verði felld út. Gert verður ráð fyrir svæði fyrir samfélagsþjónustu (4.22 S) þar sem núgildandi skipulag gerir ráð fyrir hitaveitutönkum. Lögun og stærð landnotkunarreitanna 4.04 Íb og 4.18 Op breytist lítillega. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 14. apríl 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra aðalskipulags.

Þá lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa aðalskipulags dags. 15. apríl 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa aðalskipulags dags. 15. apríl 2025, samþykkt.



22. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 12. maí 2025.

25031220-Núpalind 7. Lindaskóli. Breytt deiliskipulagi.

Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu umsókn umhverfissviðs dags. 21. mars 2025 um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 7 við Núpalind. Í breytingunni felst nýr byggingarreitur, um 14,3m x 55m að stærð, fyrir tvær færanlegar kennslustofur. Fyrirhugaðar kennslustofur verða samtals 203,26 m² á stærð, tengdar saman með tengigangi og á einni hæð. Hámarks þak- og veggghæð frá gólfi mun vera um 4.08m. Uppdrættir í mkv. 1:2000 og 1:200 dags. 24. mars 2025. Tillagan var grenndarkynnt frá 31. mars og til og með 8. maí 2025. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan 3.tl. 3. gr. í viðauka IV. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024.

25012183-Flesjakór 8. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu umsókn Kristins Ragnarssonar arkitekts dags. 24. janúar 2025 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 8 við Flesjakór um breytingu á deiliskipulaginu „Hörðuvellir“. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits til suð-vesturs um 5x5,5m. Byggingarmagn eykst úr 226 m² í 268 m². Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,5 í 0,57. Uppdrættir í mkv. 1:1000, 1:400 og 1:250 dags. 19. febrúar 2025. Tillagan var grenndarkynnt frá 31. mars og til og með 8. maí 2025. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan 3.tl. 3. gr. í viðauka IV. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024.

**23. embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa þann 26. maí 2025.****25043591-Álfhólsvegur 62. Byggingarleyfisumsókn.**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 12. maí 2025 var lögð fram byggingarleyfisumsókn lóðarhafa lóðarinnar nr. 62 við Álfhólsveg uppdættir dags. 12. nóvember 2023, uppfærðir 8. apríl 2025 þar sem sótt var um að bæta við 5,1 m² svölum á 2. hæð til að tryggja brunavarnir. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra. Á fundi bæjarstjórnar þann 12. nóvember 2024 var byggingarleyfisumsókn lóðarhafa samþykkt og fékk lóðarhafi heimild til að byggja 158,2 m² tveggja hæða byggingu með tengingu við vesturgöf núverandi íbúðarhúss. Fjölgun íbúða á lóðinni fór því úr einni í tvær og bætt var við einu bílastæði. Í uppfærðri umsókn eru fyrrgreindar svalir orðnar inndregnar. Byggingarmagn minnkar úr 158,2 m² í 151,7 m². Nýtingarhlutfall lækkar úr 0,34 í 0,33. Uppdrættir í mkv. 1:100 dags. 12. nóvember 2023, uppfærðir 20. maí 2025.

Þá lögð fram umsögn skipulagsdeildar dags. 26. maí 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. maí 2025, samþykkt.

2505568-Brekkuhvarf 5. Fyrirspurn.

Lögð fram að nýju fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 5 við Brekkuhvarf dags. 6. maí 2025 um breytingu á deiliskipulag. Umrædd lóð er 4.216 m² að stærð. Lóðarhafar vilja skipta henni upp og bæta við einbýlishúsi á norð-vesturhluta lóðarinnar ásamt bílastæðum. Á embættisafgreiðslufundi þann 12. maí 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. maí 2025.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. maí 2025.

25042073-Dimmuhvarf 7B. Fyrirspurn.

Lögð fram að nýju fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 7B við Dimmuhvarf dags. 16. apríl 2025 um að fá að byggja 50-65 m² bílskúr/vinnustofu á norð-vestur hluta lóðarinnar. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 29. apríl 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. maí 2025.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. maí 2025.

25031243-Langabrekka 15A. Fyrirspurn.

Lögð fram að nýju fyrirspurn Vigfúsar Halldórssonar arkitekts dags. 12. mars 2025 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 15 við Löngubrekku um að breyta geymslu sem er sambyggð bílgeymslu í vinnustofu með salerni og minnka bílgeymslu. Uppdrættir í mkv. 1:500 og 1:100 dags. 3. desember 2024. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 12. maí 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2025.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2025 eru ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún.



2505375-Hlíðarhvarf 17. Breytt deiliskipulag. Fyrirspurn.

Lögð fram að nýju fyrirspurn Michael Blikdal Erichsen arkitekts dags. 5. maí 2025 um breytingu á deiliskipulagi Vatnsendahvarfs vegna lóðarinnar nr. 17 við Hlíðarhvarf. Í breytingunni felst heimild að byggja einbýlishús með einni og hálfri hæð frá götu í stað einnar hæðar. Uppdrættir í mkv. 1:200 og 1:100 dags. 2. maí 2025. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 12. maí 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. maí 2025.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. maí 2025.

25041513-Kerfisáætlun 2025-2034. Kynning umhverfismatsskýrslu (umhverfismat áætlana).

Umsagnarbeiðni

Lögð er fram umsögn verkefnastjóra aðalskipulags dags. 21. maí 2025, vegna umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar dags. 11. apríl 2025 um umhverfismatsskýrslu kerfisáætlunar 2025-2034. Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 14. apríl 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra aðalskipulags. Kerfisáætlun 2025-2034 fjallar um þróun og endurnýjun flutningskerfisins. Í umhverfismati áætlunarinnar er lagt mat á líkleg áhrif hennar á umhverfisþætti.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. maí 2025, samþykkt.